

## Reglur um innri starfsemi lífeyrissjóðanna

Samþykkt í Miðstjórn ASÍ 15. apríl 2009

Í umfjöllum um innri starfsemi lífeyrissjóðanna hefur verið rætt um hversu ýtarlegar þær reglur sem ASÍ ætti að leggja til að yrðu settar, þar sem þau tilvik sem upp gætu komið eru mjög fjölbreytt og erfitt að setja reglur sem tækju á öllu. Miðstjórn telur mikilvægt að stjórnir lífeyrissjóðanna hafi alltaf góðar upplýsingar um stöðu mála og einstakar ákvarðanir auk. Jafnframt er mikilvægt að reglurnar endurspegli traust á starfsmönnum sjóðanna. Til að taka af allan vafa telur miðstjórn nauðsynlegt að leggja til nokkuð einfaldar og skýrar grunnreglur um nokkur álitamál. Mikilvægt er að þessum reglum verði fylgt eftir af innri endurskoðendum lífeyrissjóðanna þannig að við frágang ársreikninga liggi fyrir greinargerð og úttekt á öllum ferðum.

### Tillögur Skipulags og starfsháttarnefndar ASÍ að ákvæðum um innri starfsemi lífeyrissjóðanna:

*Starfs- og stjórnarmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptamönnum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra. Undanteknar eru jóla- og afmælistkveðjur, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum skv. nánari reglum stjórnar eða um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn.*

*Starfs- og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af viðskiptavinum, innanlands sem utan, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir, svo sem veiðiferðir og golfferðir, eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta. Undanteknar eru ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir lífeyrissjóðinn eða gera hann hæfari til að sinna hlutverki sínu. Í slíkum tilvikum skal metið af yfirmanni eða sjóðstjórn eftir atvikum hvort svo sé, enda greiði lífeyrissjóðurinn sjálfur kostnað við ferðina nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til. Sjóðstjórn skal reglulega gerð grein fyrir öllum ferðum skv. framansögðu.*

*Stjórn lífeyrissjóðsins skal setja starfsemi hans og starfsmönnum almennar samskipta og siðareglur.*